



Selfossi 24.september 2018

Fundargerð stjórnar

2. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn mánudaginn 24. september 2018, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Eypór H. Ólafsson, formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Arna Ýr Gunnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson, Pétur Pétursson, Sverrir Haukur Grönli og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.

1. Fjárhagsáætlun 2019

Pétur lagði fram fyrstu drög að fjárhagsáætlun 2019. Kjarasamningur er laus frá miðju ári 2019 og því er launaliðurinn óvissuliður og líkur á að endurskoða þurfi þann lið þegar búið er að semja. Samþykkt að miða við 2% hækkun en endurskoða áætlunina ef á þarf að halda.

Umræða um kostnaðarauka vegna nýrrar reglugerðar um starfsemi slökkviliða en vegna fjölda íbúa á starfssvæði slökkviliðs á að vera vakt atvinnuslökkviliðsmanna á slökkvistöð á dagvinnutíma.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2019 með þeim breytingum sem ræddar voru til að lágmarka áhrif kostnaðarauka.

2. Önnur mál

a. Næsti fundur verður haldinn 12.nóvember kl.8:15

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 9.50

Ingard
Halldóra Hjörleifsdóttir
Arna Ýr Gunnarsdóttir
Gísli Halldór Halldórsson
Eypór H. Ólafsson
Pétur Pétursson
Unna Björg Ögmundsdóttir